

Nd.

997. Nefndarálit

[259. mál]

um frv. til l. um Útflutningsráð Íslands.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Á þskj. 1001 flytja Jón Baldvin Hannibalsson og Svavar Gestsson breytingartillögu og óska eftir að henni fylgi svofelld greinargerð og fylgiskjal.

Flm. leggja til að frv. verði samþykkt en telja óhjákvæmilegt að gerðar verði á því breytingar:

1. Að skipan stjórnar Útflutningsráðs verði breytt þannig að viðskiptaráðherra skipi alla stjórnarmenn á grundvelli þeirra sjónarmiða sem fram koma í breytingartillögunni.
2. Að felld verði út úr frumvarpinu að ráðið hafi tekjur af útflutningsgjaldi þar sem fyrir þinginu liggur frumvarp um að fella útflutningsgjöld niður.

Alþingi, 21. apríl 1986.

Páll Pétursson,
form., frsm.

Svavar Gestsson,
með fyrirvara.

Jón Baldvin Hannibalsson,
með fyrirvara.

Friðrik Sophusson.

Ólafur G. Einarsson.

Fylgiskjal.**Útflutningur einstakra útflytjenda árin 1984 og 1985.**

FLOKKUR I	Fob-verðmæti í millj. 1984	Útflutn., (tonn) 1984	Fob-verðmæti í millj. 1985	Útflutn., (tonn) 1985
Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Rvík.	4 745,9	83 786	7 156,6	88 207
Samband ísl. samvinnufélaga Rvík.	3 379,7	63 747	4 965,1	59 181
Sölusamband ísl. samvinnufélaga Rvík.	2 290,3	42 132	3 717,2	49 152
Síldarútvegsnefnd.	774,7	25 428	880,4	26 085
Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.	434,4	2 924	592,8	3 201
Samtals:	11 625	218 017	17 312,4	225 826

FLOKKUR II	Fob-verðmæti í millj. 1984	Útflutn., (tonn) 1984	Fob-verðmæti í millj. 1985	Útflutn., (tonn) 1985
P. Pétursson-Fiskafurðir hf.	417,1	37 667	712,1	59 479
Bernhard Petersen hf., Rvík.	412,1	33 402	432,3	32 431
Íslenska umboðssalan hf., Rvík.	404,3	5 945	553,6	4 875
Hvalur hf., Hvalfirði/Hafnarfirði.	295,7	3 877	299,4	5 763
Andri hf., Rvík.	273,5	22 972	498,8	37 121
Íslenska útflutningsmiðstöðin hf., Rvík.	262,1	1 563	380,8	1 870
G. Albertsson, Rvík.	254,2	23 263	366,9	20 048
Ólafur Gíslason & Co. hf., Rvík.	160,9	12 842		
Sigurður Ágústsson hf., Stykkishólmi.	160,1	1 047		
Marbakkí hf., Kópavogi.	154,2	1 161	326,3	1 768
Jón Ásbjörnsson, Rvík.	118,6	4 394		
Seifur hf., Rvík.	94,3	1 754	332,3	3 232
Asiaco hf., Rvík.	93,2	1 734		
Triton, Rvík.	85,5	806		
Lýsi hf., Rvík.	48,9	2 338		
Eiríkur Hjartarson, Keflavík.	41,4	662		
Samtals:	3 276,1	155 427	3 902,5	176 587